

Nd.

523. Frumvarp til laga

[66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir Sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

2. gr.

Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu, sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.
2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.
3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pílta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).
4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðslufirvöld.
5. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftár en annað hvert ár.
6. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanevnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum.
7. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

3. gr.

Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlestrum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

4. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskirteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa náð 15 ára aldri.
2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

6. gr.

Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma skipt í 3ja mánaða námskeið.

7. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa lokið annars stigs prófi frá stýrimannaskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands isl. útvegsmanna, Félags isl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn án tilnefningar og er hann formaður skólanefndar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur reglugerð um námskrá, kennslutíma o. fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans. Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.